

Nr. 1543

21. desember 2020

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 59.700. Sorpgjald frístundahúsa er kr. 18.600, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 115 kr. fyrir hverja sauðkind, 465 kr. fyrir hvert hross, 635 kr. fyrir hvert svín og 650 kr. fyrir hvern nautgrip.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 26. nóvember 2020 er sett samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá 1394/2019 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Samkæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingu hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 21. desember 2020.

Hörgársveit, 21. desember 2020.

Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2021